STJÓRNARTÍÐINDI B 83 – 2005

Nr. 632 1382 24. júní 2005

AUGLÝSING

um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu í Borgarfjarðarsveit.

Deildartunguhver.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag Deildartunguhvers, Borgarfjarðarsveit. Í deiliskipulaginu felst m.a. að gert er ráð fyrir þjónustuhúsi, torgi ásamt upplýsingaskiltum, safnþró, útsýnispalli og bílastæðum við Deildartunguhver.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvanneyri, svæði A, Sóltúnshverfi.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Hvanneyrar, svæði A, Sóltúnshverfi, Borgarfjarðarsveit. Deiliskipulagsbreytingin felst m.a. í að stærð og staðsetning byggingarreita breytist.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Reykholt.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag í Reykholti, Borgarfjarðarsveit. Deiliskipulagið gerir m.a. ráð fyrir 11 íbúðarhúsalóðum og viðbyggingum við eldri byggingar á staðnum, m.a. kirkju, skólahús og hótel. Auk þess eru skilgreind undirgöng að yfirbyggingu fornminja.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar, 24. júní 2005.

Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri Borgarfjarðarsveitar.